

# “Þjóðræknisfélagið”

Stofnað 25. marz 1919.

## TILGANGUR FÉLAGSINS ER:

1. Að stuðla að því af fremsta megni, að Íslendingar megi verða sem beztir borgarar í hérlandu þjóðlífi.
2. Að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvísi í Vesturheimi.
3. Að efla samúð og samvinnu milli Íslendinga austan hafs og vestan.

Þetta er sá félagsskapur meðal Íslendinga í Ameríku, er aðallega byggir á þjóðernislegum grundvelli, á svipadán hátt og hin ýmsu þjóðernisfélög hér í álfi, svo sem “The United Scottish”, “Sons of England”, o. fl.

Hver einasti Íslendingur í þessu landi ætti að standa í félaginu. Ársgjald fyrir fullorðna er \$2.00, unglunga innan 18 ára 25c.

Markmið félagsins er að vinna að framförum og samheldni meðal Íslendinga, og strax á þessu næstkomandi ári að hjálpa til þess að unglungum gefist kostur á að læra íslensku, eftir því sem ástæður foreldranna kunna að leyfa.

Tímaritið, kostar að þessu sinni \$1.00, ættu allir að styrkja með því að kaupa það, með því að auglýsa í því, og með því að láta þá, sem þar auglýsa, sitja fyrir verzlun sinni.

Allar upplýsingar um félagið veitir “Félagsstjórn” og má skrifa til hennar. Inngangseyrir og ársgjöld sendist til “Fjármálaritara”, en áskriftargjald að Tímaritinu til “Skjalavarðar”.

*Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi.*

P. O. Box 923, Winnipeg, Man.